

# Ingólfsstyttan afhjúpuð

## Virðuleg athöfn og hrifning í Hrífudal

INGÓLFSSTYTTAN var afhjúpuð í Hrífudal í gær við hátíðlega athöfn. Hér fara á eftir tvö skeyti frá fréttaritara Mbl. í för Íslendinga, séra Gísla Brynjólfs-syni. Hið fyrra er sent frá Heklu á sunnudag, en hið síðara í gær.

**Ferðin framlengd um sólarhring**

Radio de HEKLA, 17. sept. VIÐ erum lagztir framundan Askvoll eftir erfiða sjóferð. „Þetta eru óvenjulega hörð veður á þessum árstíma“, sagði skipstjóri, er ég náði tali af honum. Við erum 10 tíma eftir áætlan, en allt hefur gengið slysalaust. Farþegar eru í góðu skapi og öruggir undir leiðsögn skipstjóra og skipshafnar. Við komum kl. 5.30 að eyrni Hellesöy og tókum þar hafnsögumann. Síðan höfum við siglt norður með ströndinni í sémilega kyrrum sjó innan skerja. Ferðin hefur verið framlengd um einn dag, og stytta verður afhjúpuð kl. 2 á morgun.

**Pakklaeti og hrifning**

HOLMEDAL, 18. sept. AFHJÚPUNIN fór í alla staði ágætlega fram, og það fór heit bylgja þakklætis og hrifningar um mannfjöldann, þegar hjúpurinn féll af Ingólfi, og hið fagra líkneski blasti við fólkinu, um 2000 manns, sem safnast hafði saman í skógarhlíðinni fyrir ofan veginn.

Þegar 60 manna kór hóf athöfnina með söng, hellti sólin hlýjum geislum gegnum glugga á skýjabykkninu, og blíft veður hélzt til loka athafnarinnar, sem stóð um klukkutíma.

Fylkismaðurinn í Sogni og Firdafylki, N. Schei, bauð gesti velkomna og minnst Íslendinganna, sem komnir væru erfiða ferð yfir hafið.

Síðan flutti forsætisráðherra Íslands, Bjarni Benediktsson, ræðu og afhjúpaði styttna við lok þennar, en lúðrasveit lék norska þjóðsönginn.

Þá veitti dómsmálaráðherra Noregs, Jens Haugland, styttni móttöku fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og afhenti hana í umsjá oddvítans á Fjöllum. Lúðrasveit lék íslenska þjóðsönginn. Ráðherrann sagði í lok ræðu sinnar: „Ingólfur er kominn heim. Hetju dáð hans lifir. „Ek veit einn at aldri deyr: dómr um dauðan hvern“. Hann ræddi og um menn íngararinn, sem Íslendingar varð veittu, meðan Norðmenn bjuggu við þrælakjör.

## Hlutleysi og Efnahagsbandalagið

Vínarborg, 18. sept. — (AP-NTB — AFP).

Í DAG hófst í Vínarborg ráðstefna háttsettra embættismanna frá Svíþjóð, Sviss og Austurríki. Muna þeir ræða á hvern hátt þessi þrjú lönd geti tekið virkan þátt í Efnahagsbandalagi Evrópu án þess að hlutleysi þeirra verði skert.

Vandamál þetta er hvað erfiðast fyrir Austurríki því að með Ríkissamningnum frá árinu 1955 — er sjálfstæði Austurríkis var endurreist — skuldbundu Austurríkismenn sig gagnvart Rússum til þess að halda eindregið við hlutleysisstefnu.

Þá talaði Havland oddviti og tók á móti gjöfinni fyrir hönd byggðarinnar, en lófatak mannfjöldans bergmálaði milli fjallanna.

Athöfninni lauk með ávarpi frá Auðar Auðuns, forseta bæjarstjórnar Reykjavíkur, sem flutti kveðju Ingólfsbæjar við Faxaflóa, og þakkarávarpi Olavs Sörbó, kennara, fyrir hönd íbúa Hrífudals.

Í dag er fólkið á Heklu í boði hátíðarnefndar um borð og í boði Hrífudalsbyggðar í kvöld. Hér ríkir almenn ánægja og vellíðan.



Bjarni Benediktsson,

# Héraðsmót Sjálfstæðismanna á Vestfjörðum

TVÖ héraðsmót Sjálfstæðismanna á Vestfjörðum voru haldin um síðustu helgi. Var hið fyrra þeirra á Ísafirði á laugardagskvöld. Frú Geirprúður Charles setti mótið og stjórnáði því, en ræður fluttu Gísli Jónsson, alþingismaður og Sigurður Bjarnason, ritstjóri. Ræddu þeir stjórnmalaviðhorfið í landinu.

Síðan var sýnd óperan Rita eftir Donizetti. Var hún flutt af listamönnum Þuríði Pálsdóttur, Guðmundi Jónssyni, Guðmundi Guðjónssyni og Borgari Garðarssyni. Fritz Weiss Chapel lék undir.

Bæði ræðumönnum og listafólkinu var ágætlega tekið. Að lokum var dansað. Var mótið vel sótt og fór í öllu hið bezta fram.

**Héraðsmótið í Bolungarvík**

Kl. 5 síðdegis á sunnudag var svo héraðsmót Sjálfstæðismanna í Bolungarvík. Sigurður Bjarnason, ritstjóri, setti mótið með

stuttu ávarpi, en Friðrik Sigurbjörnsson, lögreglustjóri, formaður Sjálfstæðisfélagsins Þjóðólfs stjórnáði því. Ræður fluttu Ingólfur Jónsson, landbúnaðarráðherra, og Þorvaldur Garðar Kristjánsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins. Ræddi ráðherrann fyrst og fremst, þau vandamál, sem við væri að etja í íslenzkum stjórnmalum um þessar mundir og ráðstafanir ríkisstjórnarinnar til efnahagslegrar viðreisnar í landinu.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson ræddi einnig stjórnmalaviðhorfið en minnst einnig á nokkur hagsmunamálið Bolvíkinga og annarra Vestfirðinga.

Síðan var flutt sama ópera og á Ísafirði en um kvöldið var dans leikur. Var ræðumönnum og lista fólkinu ágætlega fagnað. Mikill fjöldi fólks sótti héraðsmótið.

## Spíramálið

SPÍRAMÁLIÐ svokallaða, sem upp kom á Suðurnesjum fyrir nokkru, er enn í rannsókn, eftir því sem Gunnar Sæmundsson, fulltrúi í Hafnarfirði, tjáði Mbl. í gær. Skammt mun þess þó að biða, að endanlegar niðurstöður liggi fyrir í málinu.

að erfðum frá Norðmönnum seiglu, áræði og sjálfstæðisþrá, sem fleytti þjóðinni í gegnum ótal margar aldalangar þrængingar og gerði henni að lokum fært að fylgja norsku fordæmi og endurheimta sjálfstæði sitt og skipa sér í sveit frjálsra þjóða.

Hvergi finnum við betur til skyldleika okkar við Norðmenn né minnumst fremur alls þess, sem við eigum þeim að þakka, en á þeim stað er nú stöndum við. Þessvegna erum við komnir hingað í pílagrímsferð. Við erum fáir, en við erum fulltrúar heillar þjóðar, þótt lítil sé. Því að við erum hér staddir til að fullnægja þessari ákvörðun Alþingis Íslandinga:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að afsteypa af styttnu Einarssonar af Ingólfi Arnarsyni verði reist í Rivedal, Dalsfirði í Noregi og afhent Norðmönnum að gjöf frá Íslendingum sem tákn óbrotjarnar vináttu þjóðanna.“

Í greinargerð þessarar ályktunar Alþingis segir: „Við á Norgei verður vart einlægrar vináttu til Íslendinga og hvergi þó fremur en í hinum fornu heimkynnum Ingólfs Arnarsonar. Íslendingar finna og hvergi betur til hinna nánú banda ætternis og vináttu, er tengja þá norsku þjóðinni. Þykir fara vel á því, að hin sama myndastytta af Ingólfi Arnarsyni, sem gnæfir yfir bæjarstæði hans í Reykjavík, verði einnig reist í Rivedal til merkis um og staðfestingar á vinarhug Íslendinga til sinnar norsku frændþjóðar.“

Að svo mæltu afhendi ég þessa gjöf, eins og mér hefur verið falið.

Megi ímynd Ingólfs Arnarsonar, í steini hér í Rivedal og Reykjavík, en þó einkum í huga alinna og óborinna, að eilífu minna Íslendinga á upphaf sitt og standa öruggan vörð um óbrigðula vináttu þeirra og Norðmanna.

# Í pílagrímsferð til Noregs

## Ræða Bjarna Benediktssonar forsætisráðh. við afhendingu Ingólfsstyttunnar

NOREGUR er stórfenglegt og fagurt land. Þess vegna koma tugþúsundir ferðalanga ár hvert til landsins, þótt þeir ella viti lítið um það og hafi engin tengsl við hina norsku þjóð, til að skoða fegurð þess og mikilleik.

Noregur er einnig söguríkt land. Það eru fleiri en Magnús konung Ólafsson, sem fýsir að sjá þann stað á Stiklastöðum, þar sem Ólafur hinn helgi féll. Minningin um hugdirfð og framsýni þingmannanna á Eiðsvelli lifir enn í hugum frjálsra manna víðsvegar utan Noregs. Og karlmennska Hákonar konungs á okk ar dögum hefur veitt konungdæmi inu nýjan styrk, ekki einungis í Noregi heldur hvarvetna þar sem þeir stjórnarhættir eru hafðir. Á meðan fagnar bókmenntir og listir eru í heiðri höfð, munu nöfn Björnssons, Ibsens, Griegs og Munchs vera uppi og aðkomumenn sækjast eftir að sjá heimkynni þeirra eða verka.

Við, þessi fámenni hópur, sem hingað er kominn í dag, höfum allt þetta og margt fleira í huga, þó að okkur gefist ekki færi á að skoða nema lítið af því, sem við vildum sjá. En við erum komnir hingað sérstakra erinda, í pílagrímsferð ef svo má segja.

Við vitum, að aðrir staðir í Noregi eru fjölsóttari af erlendum ferðalöngum. Við vitum einnig, að í hugum Norðmanna eru aðrir sögustaðir nafnkunnari en þessi, því að hér hefur einkum gerzt sú saga, að frá öröfju vetra hefur hér búið gott og dugmikið fólk, sem hefur lifað sínu lífi, erfiðu eða auðveldu eftir því, sem högum þjóðarinnar var hátt-að, og oft er minnst sagt frá þeim, sem farsælastir eru.

En hér bjó einnig fyrir 1100 árum Ingólfur Arnarson ásamt hús freyju sinni Hallveigu Fróðadóttur. Þau fluttu úr landi og gerðust landnámsmenn í nýju landi — Íslandi. Ingólfur er frægastur allra landnámsmanna, eins og í hinni fornu Landnámbók segir, því að hann kom að óbyggðu landi og byggði fyrstur landið. Hann varð sannur faðir íslenzku þjóðarinnar, því að með vissu eru allir núlifandi Íslendingar af hon

um komnir. Á frásögninni af landnámi Íslands er í senn blær raunveruleika og helgisagnar. Þegar Landnámbók er rituð, sennilega á 13. öld, hefur verið talið, að æðri máttarvöld hafi ráðið för Ingólfs til Íslands.

Áður en Ingólfur afréð að hverfa frá heimkynnum sínum leitaði hann sér heilla um forlög sín að blóti miklu. Fréttin vísaði honum til Íslands.

Næsta vor hélt hann til Íslands, og er hann sá landið skaut hann fyrir borð öndvegissúlum sínum til heilla sér. Valdi hann sér bústað, þar sem þær bar að landi, þótt þrjú ár tæki að leita þeirra. Þær fundust á þeim stað, sem Ingólfur nefndi Reykjavík, þar bjó Ingólfur og næstu afkomendur hans.

Fyrir og síðar hefur menn furðað á, að Ingólfur, hinn fyrsti landsnámsmaður, skyldi velja sér bústað í Reykjavík. Í hinni þurru, stuttaralegu frásögn Landnámu heyrir undrunin í þessum orðum Karla, annars þess, sem fann öndvegissúlurnar:

Til ills höfum vér farið um góð héruð, er vér skulum byggja útnes þetta.

Þessi ummæli eru skráð fjórum öldum eftir að þau eiga að hafa verið sögð. Við vitum ekki, hver þá bjó í Reykjavík, og er okkur þó enginn tími fyrir alda sögu Íslands betur kunnur af samtíma-heimildum en sá. Það sýnir, að þá var Reykjavík ekki sérstakt höfðingjasetur. Þeir bjuggu þá og lengi síðar í hinum „góðu héruðum“, er Ingólfur, fór um og valdi ekki.

Þegar menn þá spurðu sjálfa sig af hverju Ingólfur hefði hafnað hinum „góðu héruðum“ og valið „útnesið“ var svarið, að þar fann hann öndvegissúlurnar. Til sannindamerkis var það, að á tímum sagnritarans stóðu öndvegissúlurnar enn í eldhúsi í Reykjavík. Höfðinginn, sem allra kosta átti vól, vadi sér eftir æðri handleiðslu bústað, sem hinn skammssýni nöldurseggur sá fáa kosti við. Þessi frásaga er ekki einungis merkileg helgisögn heldur felst í

henni furðulegur spádómur um framtíðina. Hún er rituð á þrettándu öld. Þá hafði verið hljótt um Reykjavík eftir frásagnir af þriðja eða fjórða ættlið frá Ingólfi. Síðan má segja, að Reykjavík hafi enga þýðingu í sögu Íslands fyrr en á miðri átjándu öld. Þá hafst vegur Reykjavíkur á ný, jafnsnemma og endurreisn landsins alls. Síðan hefur þetta tvennt fylgt að. Nú er Reykjavík staðurinn, þar sem öndvegissúlur Ingólfs flutu að landi, höfuðstaður sjálfstæðrar íslenzkrar þjóðar.

Enn þykjumst við vita, hvar bær Ingólfs hafi staðið. Þegar við förum um Aðalstræti höfuðborgar okkar, þá göngum við sama stígnin og Ingólfur og menn hans fyrstir tróðu frá bæ sínum til sjávar. Enn leika reykviðsk börn sér á sama hólnum, þar sem börn Ingólfs hófu fyrstu barnaleikina á Íslandi. Sömu pörninn og áður léku sér á vellinum þar sem nú stöndum við. Leikvangur þeirra á Íslandi var einmitt á hólnum, þar sem mynd föður þeirra, Ingólfs, hefur nú staðið einn mannsaldur, eins og hún mun héðan í frá horfa yfir hinn fyrsta leikvang þeirra og hans sjálfs hér í Rivedal.

En það var ekki einungis, að Ingólfur, hinn fyrsti og frægasti landnámsmaður Íslands, sliti hér barnsskóm og léki sér um völlu, heldur var það og hér sem fréttin vísaði honum til Íslands. Hann leitaði hennar sér til heilla og hún varð til þess, að hann gerðist ættfaðir heillar þjóðar.

Hvort sem við trúum bókstaflega hinum gömlu sögum, sem í Landnámbók eru skráðar eða ekki, þá höfum við öll það fyrir satt, að einmitt hér í Rivedal hafi fyrst af öllum stöðum verið mælt fyrir heill Íslands og hér var með vissu tekin sú ákvörðun, sem saga byggðar á Íslandi verður rakin til.

Við Íslendingar erum tengdir Norðmönnum og Noregi á ótal vegu. Frá Noregi komu forfeður okkar og héðan tóku þeir með sér tungu sína sem við enn tölum og sízt viljum glata. Hingað sóttu þeir uppistöðu í réttarskipun sína, sem við enn erum stoltir af. Til Íslands fluttu þeir með sér forna norska menningu, sem í mynd Eddu-kvæða og frásagna Snorra Sturlusonar er enn hluti af uppeldi okkar og hugarheimi. Um fram allt höfum við fengið